

um heimid fyrir ríkisstjórnina til að kaupa jörðina Dísastaði í Breiðdal.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jörðina Dísastaði í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu og sameina hana jörðinni Hóli (Dísastaðahóli) í sama hreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hóll í Breiðdalshreppi, sem er eign ríkisins, var upphaflega nýbýli úr landi Dísastaða, byggt nokkru fyrir síðustu aldamót. Nú hafa Dísastaðir verið í eyði um árabíl. Þar eru engin hús, og hefur jörðin verið nytjuð frá Hóli, enda var hún í eigu tengdasonar síðasta ábúanda þar. Í vor kemur nýr ábúandi að Hóli. Telur hann örðugt að sitja þá jörð, án þess að Dísastaðir fylgi.

Sýslumaður Suður-Múlasýslu segir í bréfi frá 8. febr. s. l.:

„Álit mitt er, að rétt sé, að ríkið kaupi Dísastaði og sameini þá Dísastaðahól til ábúðar eins manns. Hóllinn er of lítill jörð og vantar auðræktað land. Breiðdalsá brýtur tún jarðarinnar, og hefur ekki tekizt að hefta ágang hennar á túnið, þó að reynt hafi verið með því að ýta varnargarð fyrir það.“

Landbúnaðarráðuneytið er og hlynnt kaupnum.

Fyllri upplýsingar er að finna í bréfi landnámsstjóra, sem prentað er hér á eftir.

Fylgiskjal.

LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 18. jan. 1955.

Með bréfi, dagsettu 13. jan. s. l., hefur hið háa ráðuneyti óskað umsagnar varðandi jörðina Dísastaði í Breiðdal, sem er einkaeign, og jörðina Hól í sama hreppi, sem er eign ríkisins.

Jörðin Hóll er byggð út úr jörðinni Dísastöðum nokkru fyrir síðustu aldamót. Jörðin er ekki sérstök jörð 1861, en árið 1922 er hún uppfærð í mati undir nafninu Dísastaðahóll. Talið er, að jarðir þessar hafi framfleytt þessum bústofni:

	Dísastaðir	Hóll
Nautgripir	2	3
Sauðfé	100	110
Hross	2	4

Þegar jörðum þessum hefur verið skipt, mun meir hafa verið litið á jöfnuð um beitiland og engjar, en lítt farið eftir, að ræktunarskilyrði væru sem jöfnust. Af því leiðir, að Hóll hefur fengið land sunnan Breiðdalsár, sem var engi, en nú er eina ræktunarland jarðarinnar. Dísastaðir eiga land til fjallsins, en heima fyrir lítið ræktunarland. Það er álit mitt, að báðar jarðirnar geti verið góð tvö býli með aukinni ræktun, en þó því aðeins að breytingar yrðu gerðar á landskiptum milli jarðanna. Sameinaðar gefa jarðirnar einnig aðstöðu til stærri búrekstrar en talið er að jarðirnar beri nú samkvæmt þeim tölum, sem áður eru tilfærðar, því það er hægt að auka mikið ræktun á Hóli sunnan árinna, en sameinað beitiland jarðanna ætti að bera um 400 fjár. Enda þótt enginn húsakostur sé á Dísastöðum, tel ég, að hið tiltekna verð fyrir jörðina sé í hæsta lagi, en tel, að hæfilegt verð á henni í því ástandi, sem hún er, væri 16—20 þúsund krónur. Samkvæmt fasteignamati 1942 er landverð talið 2 600 kr. á jörðinni. Það er engum vafa bundið, að auðveldara verður að byggja Hól með Dísastöðum til ábáðar heldur en Hól einan sér.

Hins vegar tel ég, að stefna beri að því, að báðar jarðirnar komist í sérábúð hvor fyrir sig og skipti séu gerð milli jarðanna með tilliti til búrekstraraðstöðu, eins og hún er nú, og það getur væntanlega því aðeins orðið, að sami eigandi sé að báðum jörðunum.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.